


Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar
Norðurhellu 2
221 Hafnarfirði

Hafnarfjörður, 21. ágúst 2019

EFNI: Öldutún 4, deiliskipulagsbreiting, grenndarkynning. Tilvísun 1906407 GPG

Ölduslóð 5, n.h.
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	26.8.2019
Málsnr:	1906407
Bréfal:	512

Við undirrituð, eigendur af neðri hæðinni að Ölduslóð 5, viljum koma með athugasemdir við fyrirhugaðar deiliskipulagsbreytingar.

Fyrst viljum við fara yfir bakgrunn og reynslu vegna framkvæmda við Öldutún 4.

Stuttu áður en við keyptum íbúð okkar árið 2003 fékk eigandi bílskúrs að Öldutúni 4 framkvæmdaleyfi til að byggja nýjan bílskúr. Hafði eldri bílskúr sem lá upp að baki okkar bílskúrs verið rifinn. Bílskúrararnir sem voru reistir í kringum 1955 höfður verið byggðir úr holsteini sem svo var múrað yfir. Okkar bílskúr var og er í furðu góðu ástandi m.v. aldur, enda er hann hitaður að einhverju marki og hefur hann fengið reglulegt viðhald. Við það að rífa sinn bílskúr skyldi beiðandinn að Öldutúni 4 eftir stórt sár að baki okkar bílskúrs þar sem raki komst inn. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir var því sári ekki lokað fyrr en eftir mörg ár.

Árið 2014, 11 árum eftir upprunalegt byggingarleyfi, byrjar beiðandinn að Öldutúni 4 að setja upp gríðarhátt trévirki og steypir bakið upp að bílskúr undirritaðra. Í millitíðinni hefur nýtt deiliskipulag, þar sem ekkert var fyrir, verið samþykkt fyrir svæðið. Þar er m.a. gert ráð fyrir að bílskúrar eigi ekki að vera stærri en sem nemur 7x5 metrar. Þetta er í samræmi við bílskúr okkar. Eigendur íbúðar að Öldutúni 2 sendu þá kæru til Umhverfissviðs og var byggingarleyfið fellt niður.

Bakgarðurinn að húsi okkar er tvískiptur milli efri og neðri hæðar og liggur okkar hluti að þeim ,óskapnaði' sem beiðandinn að Öldutúni 4 hefur skilið eftir sig. Okkar mjög svo huggulegi garður með palli og gróðri hefur mjög svo liðið fyrir það. Oft hefur verið talað við beiðandann að Öldutúni 4 um að fjarlægja þennan ,óskapnað' eftir að byggingarleyfið var fellt niður fyrir 5 árum síðan, ávalt öllu lofað, en efndir hafa verið engar.

Fyrir u.þ.b. 3 árum síðan mætti beiðandinn að Öldutúni 4, nú einnig eigandinn að neðri hæðinni að eigin sögn, með gríðarstóra gröfu og gróf upp allan bakgarðinn hjá sér. Er garðurinn þannig enn. Það er ekki alveg ljóst hver tilgangurinn er, en að eigin sögn var hann búinn að grafa gólfið niður á neðri hæðinni svo hugsanlega ætlað sér að minnka raka. Þess er vert að minnast að slíkt er gert með því að grafa mjóan skurð í kringum hús, dren klútur festur á grunnin og svo fyllt upp í með möl.


Til að enda hlutann um bakgrunn okkar reynslu er vert að minnast þess að ónýtir bílar og annað rusl hefur fyllt garðinn hjá beiðanda frá upphafi.

Athugasemdir:


- a) Það er að okkar áliti og annara, m.a. byggingameistara sem við höfum rætt við, að svo virðist vera sem beiðandinn að Öldutúni 4 hafi lítið sem ekkert vit á byggingum og framkvæmdum sem hann er að gera.
- b) Stærð bílskúrsins sem deiliskipulagsbreytingin biður um er ekki í samræmi við deiliskipulag svæðisins. Líklega myndi einhver skuggi myndast á okkar lóð, þó svo ég geri ráða fyrir að það verði meira vandamál við Öldutún 2.
- c) Það er ljóst ef beiðandinn að Öldutúni 4 fær að halda áfram viðteknum hætti með endurnýjun á byggingarleyfi þá muni líklega það ástand halda áfram um ókomna tíð sem nú hefur verið vandamál í rúmlega einn og hálfan áratug.

Undirrituð fara fram á að deiliskipulagsbreytingunni verði hafnað. Jafnframt fara undirrituð fram á að beiðandanum að Öldutúni 4 verði gert að hreinsa upp þann hluta byggingarefnis sem gnæfir yfir garð okkar með tilliti til þess að viðkomandi hefur ekki haft byggingarleyfi fyrir þeim framkvæmdum síðan 2014.

Virðingarfyllst,



Hörður Sverrisson
180469-3549



Wendy Richards
080272-2279

Ölduslóð 5, n.h.
220 Hafnarfirði
GSM: 898 1894

